

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið
1. júní til 30. september 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1975:

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. 1 kr. 235.00 á kg.

Millifiskur nr. 1 kr. 225.00 á kg.

Smáfiskur 40/60 nr. 1 kr. 187.00 á kg.

Smáfiskur 60/100 nr. 1 kr. 160.00 á kg.

Verð á öðrum gæðafiokkum verður ákveðið í hlutfalli söluverða.

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök.

15/20 kr. 227.00 á kg.

21/25 — 220.00 á kg.

26/30 — 212.00 á kg.

31/35 — 205.00 á kg.

36/40 — 197.00 á kg.

Verð þessi eru e. i. f. Verðbil verður 3% er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. ágúst 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o. fl.

I. KAFLI

Um fjárrekstra á afréttir og notkun fjallanda.

1. gr.

Hreppsþúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að áliti hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, skyldir að